

Fréttabréf AFLs

5. tbl. 2022

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Staðan í kjaraviðræðum

Nokkuð hefur áunnist í átt að samkomulagi um kjarasamning Starfsgreinasambandsins og SA en þó er nokkuð í land ennþá og horft er til þess að ríkið komi með innlegg inn í viðræðurnar. Unnið hefur verið út frá því að gera skammtímasamning og var upphaflega gefinn tíminn fram að mánaðamótum til að ljúka þeirri vinnu.

Kjarasamningar á almennum markaði runnu út 1. nóvember s.l. en viðræður fóru ekki af stað af neinu marki fyrr en seint í október. SGS, LÍV og VR eru í samfloti í samningaviðræðum en iðnaðarmenn standa sér en öll iðnaðarmannafélögin eru í samfloti.

Um miðjan nóvember vísaði samflot SGS (starfsgreinadeild AFLs), LÍV (deild verslunar- og skrifstofufólks AFLs) og VR

viðræðum við SA til ríkissáttasemjara. Viðræður hafa staðið yfir í húsnæði ríkissáttasemjara alla síðustu viku milli deiluaðila.

Iðnaðarmenn hafa jafnframt vísað sinni deilu og hafa einnig fundað í karphúsinu undir stjórn ríkissáttasemjara hluta síðustu viku en umboð fyrir iðnaðarmannadeild AFLs er þar.

Samningaviðræður hófust aftur á þriðjudag í þessari viku

– annars vegar milli samflots verslunarmanna/verkafólks og hins vegar iðnaðarmanna við Samtök atvinnulífsins.

Samningar sjómanna hafa verið lausir í 3 ár – viðræður hafa litlum árangri skilað.

Viðræður eru hafnar milli AFLs/RSÍ við Alcoa Fjarðaál um endurnýjun vinnustaðasamnings en hann rennur út í lok febrúar á næsta ári.

Hertar reglur á Einarstöðum

sóðaskapur og ólæti valda ónæði

Nýverið ákvað Orlofsbyggðin á Einarstöðum að hækka gjald fyrir viðbótarþrif í kr. 15.000 og á sama tíma var ákveðið hjá AFLi Starfsgreinafélagi að setja félagsmenn sem ganga sóðalega um og valda ónæði í þriggja mánaða leigubann. Þetta kemur í kjölfar mikillar aukningar á partístandi og óþrifa í tengslum við það.

Starfsfólki varð ljóst að mönnum þótti 10.000 kr. aukagjaldið greinilega léttvægt og höfðu því í auknum mæli ekki einu sinni fyrir að því að þykjast þrifa. Auk þess sem við vorum ítrekað að koma að húsunum útældum og með sóðaskap um allt hús – er einnig mikið um að hálf-tuggnir tóbakspúðar liggja um allar koppagrundir í nágrenni bústaða og er veruleg vinna að tína þetta upp.

Rekstrarfyrirkomulag Einarstaða byggir á því að félagsmenn þrifi sjálfir við brottför en starfsfólk byggðarinnar er vant því að fara í einn og einn bústað og þrifa. Síðustu mánuði hafa það verið frá 2 – 6 bústaði AFLs sem hefur þurft að þrifa og endurnýja sængur og annað.

Þetta partístand veldur líka miklu ónæði og óþægindum fyrir aðra gesti sem ætla að njóta helgarinnar með fjölskyldu í sveitakyrriðinni



Úr sumarbústaðabyggðinni á Einarstöðum.

– sem breytist oft í svefnleysi vegna drykkjuláta í næsta húsi. Félagsmenn eru því varaðir við að mun harðara verður tekið á drykkjulátum í framtíðinni og leigubanni beitt á þá sem brjóta umgengnisreglur.

Það er líka ástæða til að vekja athygli félagsmanna á því að innheimt er að fullu fyrir allar skemmdir og að leigutakinn – þ.e. sá sem er á leigusamningnum ber einn alla ábyrgð. Það er því miður ljótur siður á sumum vinnustöðum

að telja yngsta starfsmanninn á að leigja bústað fyrir starfsmannapartí. Eftir helgina stendur síðan þessi ungi félagsmaður uppi með reikning upp á tugi þúsunda vegna skemmda og aukarþrifa og verður að bera það tjón einn.

Hvernig greiðist desemberuppbót?

Desemberuppbót skal að öllu jöfnu greiða fyrir 15. desember en mörg fyrirtæki greiða desemberuppbót með nóvemberlaunum. Upphæð desemberuppbótar er skv. neðangreindu.

| | |
|---|-------------|
| Verslunar og skrifstofufólk | 98.000 kr. |
| Verkamenn (þ.m.t. hótél og veitingast.) | 98.000 kr. |
| Iðnaðarmenn | 98.000 kr. |
| Starfsmenn sveitarfélaga | 124.750 kr. |
| Starfsmenn ríkisstofnana | 98.000 kr. |
| Alcoa Fjarðarál | 280.100 kr. |
| Starfsmenn á bændabýlum | 98.000 kr. |
| Starfsmenn við línu og net | 98.000 kr. |

Réttur til desemberuppbótar:

Almenni markaðurinn (verkafólk, iðnaðarmenn og verslunarmenn).

45 vikur í fullu starfi (á almanaksárinu) gefa rétt til 100% desemberuppbótar, en greitt er hlutfallslega ef unnið er hluta úr ári eða hafi starfsmaður verið í hlutastarfi. Starfsmenn sem eru í starfi fyrstu vikuna í desember eiga rétt á hlutfallslegri uppbót svo og þeir sem starfað hafa samfellt í 12 vikur eða lengur á árinu.

Greiða skal desemberuppbót eigi síðar en 15. desember.

Þetta ákvæði gildir einnig fyrir starfsmenn sem starfa við beitingu og uppstokkun.

Starfsmenn hjá sveitarfélögum.

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. maí og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbót hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 95/2000. Sjá einnig gr. 11.1.8. Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofslaun. Áunnin persónuuppbót skal gerð upp við starfslok starfsmanns



Starfsmenn Alcoa fá 280.000 krónur í desemberuppbót.

Starfsmenn hjá ríkinu

Starfsmaður sem eru við störf fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda desemberuppbót þann 1. desember. Greitt er hlutfallslega til starfsmanna sem verið hafa í hlutastarfi eða starfað hafa hluta úr ári. Jafnframt fá þeir greitt hlutfallslega sem hætt hafa stöfum á árinu eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikur) samfellt starf.

Alcoa Fjarðarál

45 vikur í fullu starfi (á almanaksárinu) gefa rétt til 100% desemberuppbótar, en greitt er hlutfallslega ef unnið er hluta úr ári eða hafi starfsmaður verið í hlutastarfi. Starfsmenn sem eru í starfi síðustu viku í nóvember eða fyrstu viku í desember eiga rétt á hlutfallslegri uppbót svo og þeir sem starfað hafa samfellt í 12 vikur eða lengur á árinu. Greiða skal desemberuppbót með nóvemberlaunum.



AÐALFUNDUR SJÓMANNADEILDAR AFLS STARFSGREINAFÉLAGS

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Kjaramál
3. Kosning stjórnar
4. Önnur mál

Ferðir verða samræmdar á næstu skrifstofu félagsins.

AFL Starfsgreinafélag
Sjómannadeild

Vandamál Íbúðalánasjóðs hafa áhrif á félagsfólk Stapa

Allir þeir sem hafa fengið úrskurðaðan lífeyri hjá Stapa lífeyrissjóði síðustu vikur hafa fengið lægri úrskurð en efni stóðu til – allt vegna yfirlýsingar fjármálaráðherra um niðurfellingu ríkisábyrgðar á skilmálum húsnæðisskuldabréfa sem Stapi keypti af Íbúðalánasjóði fyrir um 20 árum til að fjármagna húsnæðiskerfið.

Samkvæmt lögum eiga lífeyrissjóðir að færa verðmæti allra skuldabréfa á markaðsverði á hverjum tíma og daginn eftir yfirlýsingu fjármálaráðherra lækkaði andvirði skuldabréfa Stapa um fjóra milljarða króna. Það hafði aftur bein áhrif inn í eignavísitölu sjóðsins sem ræður ákvörðun lífeyrisréttinda. Þ.e. á því augnabliki sem félagsmaður sækir um ellilífeyri er skoðað hvaða hlutdeild hann á í heildareignum Stapa og á því byggir úrskurður um lífeyri. Frá þeirri stundu er hins vegar lífeyririnn ekki tengdur eignavísitölu Stapa heldur verðtrygður með neyslúvísitölu frá úrskurðardegi.

Hvernig svo sem málið mun enda er ólíklegt að virði þessara skuldabréfa eigi eftir að ná fyrri styrk



– þar sem óeitanlega ríkir mikil tortryggni í garð þessara skuldabréfa nú.

Forsaga þessara bréfa er að 2002 gaf Íbúðalánasjóður út skuldabréf með föstum 3,75% vöxtum og „úppgreiðanleg“. Bréfin voru jafnframt gefin út í alþjóðlegu uppgjörskerfi og þótti ljóst að stjórnvöld höfðu vonir um að alþjóðlegir fjárfestar myndu kaupa bréfin.

Þegar fjárfestar á borð við lífeyrissjóð kaupa verðbréf þá eru

skoðaðir margir þættir til að meta hversu góð fjárfesting verðbréfin eru. Þannig voru það tvö atriði sem gerðu þessi bréf álitlegan fjárfestingakost og það var að annars vegar voru þau úppgreiðanleg, sem er mikilvægt fyrir lífeyrissjóð að geta fest fjárhæð um lengri tíma í ásættanlegri ávöxtun, og hins vegar ríkisábyrgð sem gerði bréfin að góðri tryggingafjárfestingu án verulegrar áhættu.

Íbúðalánasjóður lánaði þetta fé áfram til húsnæðis kaupenda

– en lengi vel án takmörkunar á uppgreiðslu. Lánþegar hófu að greiða þessi lán upp – fyrst á tímum gengislána og síðar þegar betri vaxtakjör fóru að bjóðast.

Íbúðalánasjóður situr því uppi með verulegar fjárhæðir á sínum reikningum sem sjóðurinn þarf að ávaxta til að geta staðið skil á afborgunum sínum.

Það er ljóst að hér voru gerð mistök en ekki af því að menn hafi ekki vitað betur því, það var margvarað við þessari framkvæmd á sínum tíma en ríkisstjórn sem þá sat lét varnaðarorð sem vind um eyru þjóta. Því situr fjármálaráðherra uppi með þetta vandamál.

Reyndar má segja að fjármálaráðuneytið hafi ekki gert það léttara því á undanförunum árum hefur ríkissjóður tekið 200 milljarða króna lán hjá Íbúðalánasjóði og greiðir af því 0,5% og 0,9% vexti. Vandamálið er því ekki bara misgengi á þessum föstu vöxtum og markaðsvöxtum heldur líka að ráðuneytið gengur í þessa peninga eftir þörfum og greiðir langt undir öllum markaðsvöxtum fyrir. Vandamál Íbúðalánasjóðs eru því bæði arfleifð fyrri tíma og heimatilbúin nú.

Vísvitandi ákvörðun stjórnvalda – engin mistök

Þegar Íbúðalánasjóður gaf út umræddan skuldabréfaflokk varaði bæði Seðlabankinn og minnihluti á alþingi við nákvæmlega þeirri stöðu sem nú er uppi. Þ.e. með því að gefa út „úppgreiðanleg“ skuldabréf á föstum vöxtum og lána fjármagnid út sem „úppgreiðanleg“ lán setti Íbúðalánasjóður sig í vonlausa stöðu í lækandi vaxtaumhverfi. Það var engu að síður ákvörðun ríkisstjórnarinnar á þessum tíma og ljóst er að þær aðstæður sem Seðlabankinn varaði við hafa komið fram.

„Ef upp kemi sú staða að samkeppni við íbúðalánasjóð þrýsti niður vöxtum fasteignafjármögnunar gæti sjóðurinn

lent í vanda. Lántakendur hans skuldbreyttu í ódyrari lán en skildu sjóðinn eftir með óbrúað gat sem ekki yrði með góðu móti fjármagnað með vaxtahækkun, þar sem hærri vextir sjóðsins leiddu til minni ábuga lántaka og hugsanlegs flotta úr sjóðnum. Ef sjóðurinn færi síðan að í samræmi við ætlan frumvarpsins og gripi til uppgreiðsluálags myndu vaxtakjör leida til þess að lánveitingar stöðvöldust alfarið. Í ljósi framansagðs mælis Seðlabanki Íslands eindregið með því að farið verði að tillögum nefndarinnar í þessum efnum.“ (umsögn Seðlabanka við frumvarpi um lög um húsnæðismál, apríl 2004).

60 – 67 ára í dag borga mest

Þegar stjórnvöld gera alvarleg mistök er algengast að kostnaðurinn dreifist á alla skattgreiðendur í gegnum ríkissjóð. Það sem fjármálaráðuneytið freistar þess að gera nú er að senda um 170 milljarða króna reikning á valinn hóp í samfélaginu – þ.e. þá sem fá úrskurð um ellilífeyri á næstu árum.

Eftir því sem tíminn líður má gera ráð fyrir að áhrif þessa upphlaups fari minnkandi fái lífeyrissjóðir greiddar skaðabætur eða skuldabréfin greidd samkvæmt skilmálum til gjaldþega – en áhrifin koma nú fram af fullum þunga. Það er vegna þess að fyrir

þá sem fá úrskurðaðan lífeyri á næstu mánuðum – er vægi þessara skuldabréfa verulegt í eignasafni sjóðsins.

Því fer því fjarri að þessu klúðri ríkisstjórnarinnar 2004 verði dreift á þegna landsins. Allir þeir sem hafa fengið úrskurð um lífeyri allt frá því að klúðrið átti sér stað og til þessa dags sleppa alfarið. Allir sem fá úrskurð um lífeyri eftir 2044 sleppa alfarið. Þeir sem fá úrskurð um lífeyri í ár og næstu ár munu bera meginþunga tjónsins.

Hvers virði eru orð manna og undirskriftir?

Það er athyglisvert að fylgjast með umræðu manna um ríkisábyrgð og gildi hennar. Í skilmálum þess skuldabréfaflokks sem hefur verið fjallað um segir m.a. (athugið tilvitnun er á ensku þar sem bréfin voru gefin út á alþjóðamarkað með von um erlenda fjárfesta):

“The New Notes benefit from a guarantee of collection (einföld ábyrgð) of the Icelandic State Treasury. The guarantee is irrevocable and covers all existing and future obligations of HFF including its obligations to make

payments of principal and interest under the New Notes The guarantee derives from a recognised principle of Icelandic law that the State Treasury guarantees the obligations of all State agencies unless the guarantee is unequivocally limited to the assets of the agency concerned. The nature of the guarantee is such that in the event of default by HFF, a holder of New Notes is required to exhaust all remedies against HFF before being entitled to make a claim against the Icelandic State. As a State agency, HFF cannot be subject to bankruptcy proceedings,

as provided by Section 5(3) of Act No. 21/1991 on bankruptcy proceedings. Evidence of HFF's inability to make payments under the New Notes could be sought by entering into attachment proceedings following a judgment. An attachment showing HFF to hold insufficient assets for satisfaction of the debt would qualify as proof of HFF's inability to pay, and would thus give rise to a direct claim against the Icelandic State under the guarantee.”

Hér segir meðal annars að ríkisábyrgðin sé „óafturkallanleg og gildi um allar núverandi og framtíðar skuldbindingar Íbúðalánasjóðs – þar með talið loforð um standa við gjaldþega á höfuðstól og vöxtum.“

Ennfremur er tekið fram að sem „ríkisstofnun“ geti Íbúðalánasjóður ekki orðið gjaldþrota.

Mikið um rangt reiknuð laun

Óvenju mikið hefur verið síðustu vikur um að félagsmenn hafi leitað til félagsins vegna vangreiddra eða rangt reiknaðra launa. Flest málanna hafa komið frá félagsmönnum sem vinna hjá fyrirtækjum sem koma nánast árlega inn á borð starfsmanna AFLs.

Eitt algengasta brot sem við erum að sjá á kjarasamningum er að vaktaálög eru notuð á alla vinnu utan dagvinnutímabils – sama hvort um er að ræða skipulagðar vaktir eða tilfallandi vinnu. Það er því vert að vekja athygli á að vaktaálög má aðeins nota ef unnið er skv. uppsettu vaktaplani í samræmi við ákvæði kjarasamninga.



Myndin tengist fréttinni ekki beint.

Fyrir vinnu utan dagvinnutímabils og sem unnin er utan vaktaplans á að greiða sem yfirvinnu.

Þá er líka alltof algengt að vaktir eru breytilegar frá degi

til dags og það er óheimilt skv. kjarasamningum.

Þannig sjáum við að starfsmenn hefja vinnu t.d. flesta morgna kl. 06:30 en svo af og til kl. 06. Í þeim

tilvikum á að greiða yfirvinnu þar til 06:30 en þá hefjast skipulegar vaktir. Einnig sjáum við að vöktum lýkur á mismunandi tíma en það á að greiða fyrir vaktir eins og þær koma fyrir á vaktaplani.

Ef vaktaplan starfsmanns er t.d. 6:30 – 14:30 á að sjálfsgöðu að greiða 8 tíma laun á hverjum degi – jafnvel þó svo að starfsmaður sé sendur heim kl. 12 vegna verkefnaskorts. Á sama hátt á að greiða yfirvinnulaun ef vakt stendur lengur en vaktaskrá segir til um.

Í flestum tilfellum hefur verið unnt að ljúka málum með einföldum samskiptum félagsins við launagreiðendur – en því miður þarf að vísa nokkrum málum á hverju hausti til lögmanna AFLs.

Alþýðusambandið – höfuðlaus her

Það er brýnt að klára Alþýðusambandsþingið sem var sett í október og síðan frestað eftir upphlaup sem m.a. fólst í því að um helmingur þingfulltrúa gekk á dyr þó svo að hluti þeirra sneri aftur á þingið daginn eftir. Engu að síður þótti rétt þá að fresta þingi til að freista þess að ná sátt í hreyfinguna.

Kristján Snæbjarnarson, sem verið hafði varaforseti Alþýðusambandsins þar til Drífa Snædal sagði því embætti lausu

síðsumars, situr því áfram sem forseti og miðstjórn sem kjörin var á „fjarþingi“ 2020 situr enn. Það má því líta svo á að forysta Alþýðusambandsins sem nú situr sé „starfsstjórn“ til að halda skipinu á floti en skorti pólitískt umboð til að marka stefnu og leggja línur.

Þetta er bagalegt á tímum stórra kjarasamninga og sviptinga í samfélaginu.

Alþýðusambandið hefur í raun litla formlega aðkomu að gerð kjarasamninga hvers félags eða landssambands ef frá eru

talin „sameiginleg mál“ þar sem samningsumboðið liggur hjá Alþýðusambandinu – s.s. lífeyrismál og skyld mál. Þó hafa forsetar Alþýðusambandsins í gegnum söguna oft haft sterka aðkomu að gerð kjarasamninga og veitt forystu þannig að Alþýðusambandsfélögin hafa komið sameinuð fram.

Hið sama gildir að sjálfsgöðu á samráðsvettvangi – í samskiptum við stjórnvöld og aðra aðila. Þar er mikilvægt að starfandi sé sterkur forseti með óskorað umboð Alþýðusambandsfélaga til að halda



málstað launafólks á lofti og standa vörð um rétt þess.

Viðhorfskönnun lokið

Viðhorfskönnun AFLs og Einingar Íðju í samstarfi við Gallup lauk um síðustu helgi. Þátttaka var dræmari en síðustu ár og voru það nokkur vonbrigði. Alls svöruðu 607 félagsmenn AFLs könnuninni en á síðasta ári voru það 689 svör þannig að þetta er talsvert minna. Að vísu eru nokkur svör „ókláruð“ á vefnum og verður unnið úr þeim þannig að eitthvað aðeins á eftir að bætast við.

AFL og Eining Íðja hafa staðið að sambærilegri könnun frá 2011 og eru allar kannanirnar aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Mörg önnur verkalyðsfélög – s.s. Efling og Hlíf í Hafnarfirði ofl. – framkvæma samskonar kannanir en að vísu er ekki samræmi á spurningum milli allra félaganna.



Mynd: Pixabay

Niðurstöður úr þessum könnunum eru því uppspretta mikils fróðleiks fyrir þá sem vilja fylgjast með aðstæðum og viðhorfum félagsmanna til ýmissa

mála því jafnframt því að spurt er um laun og vinnutíma er spurt um ýmis önnur mál.

Þar á meðal er spurt um fjárhagsstöðu – áhyggjur og vanskil.

Um atvinnuleysi og úrræði og þekkingu á launaseðlum, stöðu trúnaðarmanna og svo ekki síst um viðhorf til félagsins og þjónustu þess.

Það er mikilvægt fyrir stjórn og starfsfólk AFLs að sjá jákvætt viðhorf félagsmanna til félagsins og þjónustu þess.

Í síðustu könnun var t.d. aðeins 1,6% félagsmanna óánægðir með þjónustu félagsins á meðan um 80% voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir. Tæp 20% tóku ekki afstöðu. Til spurningarinnar.

Niðurstöður könnunarinnar eru væntanlegar upp úr miðjum desember og verða kynntar á heimasíðu félagsins um leið og þær liggja fyrir og fjallað hefur verið þær í stjórn félagsins.